

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar.

1. gr.

Hunda- og kattaeygndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð nr. 107/2008, skulu greiða leyfisgjald skv. staflíð b í 2. gr. og staflíð b í 6. gr. samþykktarinnar.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b í 2. gr. samþykktar nr. 107/2008, skal vera kr. 14.511 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött, sbr. staflíð b í 6. gr. samþykktar nr. 107/2008, skal vera kr. 8.316 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

Hjálparhundar og hundar sem eru notaðir til björgunarstarfa eru undanþegnir leyfisgjaldi. Þessir hundar eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði samþykktar sveitarfélagsins um leyfi til hundahalds.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 22.145. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 8.316 kr fyrir 1. skipti, kr. 10.805 fyrir 2. skipti og kr. 14.080 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið vera eins og fyrir skráða hunda 8.316 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 15.960.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigendum sínum eftir handsömun fyrr en að lokinni skráningu.

Innheimt verður leyfisgjald af þeim eigendum óskráðra hunda og katta sem fengið hafa bréf frá gæludýraeftirlitinu vegna óskráðra dýra og hafa ekki svarað því eða skráð dýrin innan uppgefins tíma.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1713/2021.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. desember 2023.

Borgarnesi, 14. desember 2023.

Stefán Broddi Guðjónsson sveitarstjóri.